

188

27. sept.

3. gr.  
Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Sauðárkróks, eða á öðrum jafntryggum stað, eftir því sem arðvænlegt þykir.

Þegar árlegir vextir sjóðsins, sem ávallt skal leggja við höfuðstólinn, eru orðnir 200 kr. að upphæð, má úthluta  $\frac{3}{4}$  hlutum þeirra samkvæmt ofangreindum tilgangi sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn í lok hvers reikningsárs.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hreppstjórinn í Rípurhreppi, sem er formaður sjóðsins, oddviti hreppsnefndar Rípurhrepps og sóknarpresturinn í Rípur sókn.

5. gr.

Sjóðstjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum þegar til kemur, samkvæmt skipulagsskrá þessari. Þegar úthluta ber styrk úr sjóðnum skal formaður sjóðstjórnar auglýsa um það á þingstað hreppsins, með hæfilegum fyrirvara, umsækjendum til leiðbeiningar.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, nöfn umsækjenda um styrk og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að bóka þar um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjá sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, er annast árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins, sem jafnan skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar, sem úrskurðar þá og sér um að úrskurði hennar sé framfylgt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Sauðárkróki, 1. sept. 1943.

Guðmundur Ólafsson.

189

28. sept.

## REGLUGERÐ

### um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða um opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða veganefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem veganefnd felur umsjón með lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípnna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skólplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og

er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stórt hús að ræða, eða mikla lögn, má umsjónarmaður veganefndar krefjast uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsälögn, skal bæjarstjórn skera úr.

## 3. gr.

Bæjarstjórn getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsnum, bæði utanhúss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir veganefnd, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsälagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsnum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

## 4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem þarinn hefur lagt holræsi í að greiða árlega til bæjarsjóðs 4 af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og enn fremur 2 krónur fyrir hvern metra lóðar meðfram götu, vegi eða opnu svæði húsræismegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. Húseigandi greiðir jafnan metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsi sitt út frá. Undanþágu eða ivilnun má þó veita, ef lóð er svo háttað, að auðveldara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni á annan hátt en í aðalræsið, eða erfiðara að koma því í aðalræsið en frá öðrum lóðum yfirleitt. Aukagjald má leggja á, ef skólp frá einhverri lóð er þannig, að telja má meiri útgjöld stafa af að koma því í burt, en öðru skólpi.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 25 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

## 5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að undanþiggja þá hús- og lóðareigendur, sem sjálfir hafa lagt holræsi frá húsi sínu og talið er viðunandi, að dómi bæjarstjórnar, frá þeirri skyldu að greiða holræsagjald og leggja nýtt ræsi í holræsi bæjarins.

## 6. gr.

Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni, sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í húsi og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. apríl.

## 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, sem renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Vigfús Einarsson.*